

Námskrá

Leikskólinn Álfaberg



2025



Hafnarfjörður

Formáli

Vorið 2025 fór fram endurnýjun á skólanámskrá leikskólans Álfabergs. Eingöngu stjórnendur komu að þeirri vinnu vegna aðstæðna innan leikskólans. Eldri skólanámskrá leikskólans var höfð til hliðsjónar en vegna breyttra áherslna í faglegum vinnubrögðum tók skólanámskráin þó nokkrum breytingum. Skoða á skólanámskrár reglulega þar sem starfshættir eru síbreytilegir. Það er því stefna stjórnenda að skólaárið 2025 – 2026 verði nýtt til þess að rýna enn betur í nýja skólanámskrá með öllum starfsmannahópnum og móta hana enn frekar með þátttöku allra.



Efnisyfirlit

Formáli	2
1. Inngangur	5
2. Leikskólinn [Nafn leikskólans]	7
2.1 Starfsfólk leikskóla	Error! Bookmark not defined.
2.2 Hlutverk leikskólastjóra	8
2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna	9
3. Hugmyndafræði og stefna leikskólans	9
3.1 Leiðarljós leikskólastarfsins	9
3.2 Kennsluhættir	12
3.3 Sérfræðipjónusta	13
3.3.1. Brúin	14
4. Grunnþættir menntunar	16
4.1 Jafnrétti	17
4.2 Læsi	19
4.3 Heilbrigði og velferð	19
4.4 Sjálfbærni	21
4.5 Sköpun	22
4.6 Lýðræði og mannréttindi	23
5. Samþætt og skapandi leikskólastarf	24
6. Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn	30
6.1 Foreldrasamtöl	31
6.2 Samstarf heimilis og leikskóla	31
6.3 Foreldraráð	32



Hafnarfjörður

6.4	Foreldrafélag.....	32
7.	Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið.....	33
8.	Mat og eftirlit	34
8.1	Ytra mat á leikskólastarfi	Error! Bookmark not defined.
8.2	Innra mat á leikskólastarfi	35
9.	Heimildaskrá	36



1. Inngangur

Námskrá leikskóla er grundvöllur fyrir uppeldi og menntun barna á leikskólastigi og fellur undir íslensk lög og reglur sem miða að því að tryggja réttindi og velferð barna. Námskráin tekur mið af og útfærir markmið, áherslur og aðferðir sem sett eru fram í Lögum um leikskóla nr. 90/2008.

Samkvæmt þessum lögum ber leikskólastjóri ábyrgð á útgáfu og framkvæmd námskrár, sem á að vera í samræmi við aðalnámskrá og stefnu sveitarfélagsins.

Í Aðalnámskrá leikskóla (2025) eru settar fram almennar leiðbeiningar um hvernig skólar eigi að móta og innleiða nám og uppeldi í leikskólum. Námskráin hefur það að markmiði að stuðla að alhliða þroska barna í samræmi við þarfir þeirra og gefur þeim tækifæri til að læra og vaxa í öruggu og uppbyggjandi umhverfi.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 tryggja að þjónusta sem snýr að börnum sé samræmd og samþætt á milli opinberra aðila, þannig að börn og fjölskyldur þeirra fái allar þær upplýsingar og stuðning sem þau þurfa. Í samræmi við þessi lög er mikilvægt að leikskólar hafi skýra og samræmda nálgun í vinnu með þjónustu og stuðning við börn.

Í námskránni koma einnig fram upplýsingar um grunnþætti menntunar og þær stefnur sem leikskólinn starfar eftir, þar á meðal jafnréttisstefna, sem stuðlar að jafnrétti allra barna óháð kyni, fötlun, menningu eða öðrum þáttum. Stefna gegn einelti tryggir að leikskólinn sé öruggur staður þar sem öll börn njóti virðingar og jafnræðis. Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna til ársins 2030 um sjálfbæra þróun eru leiðarljós í leikskólastarfinu. Markmiðin eru í raun framkvæmdaráætlun í þágu mannkynsins, jarðarinnar og hagsældar. Þá verður einnig að virða réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (2025), þar sem börn eru viðurkennd sem sjálfstæðir einstaklingar með rétt til að taka þátt í ákvörðunum sem varða þeirra líf og velferð.

Í Menntastefnu Hafnarfjarðarbæjar til ársins 2030 (ekki opinber) hafa verið sett fram fjögur leiðarljós:

1. Sköpun - Lögð er áhersla á að börn fái tækifæri til að þroskast í gegnum leik, frístundir og skapandi skólastarf. Fundar verði nýjar leiðir í skóla- og frístundaumhverfi með frumkvöðlastarfi, tækni og listsköpun og þær þróaðar áfram.



Hafnarfjörður

2. Fjölbreytileiki – Borin er virðing fyrir öllum einstaklingum, lífsháttum og áhersla lögð á að námsumhverfi endurspegli margbreytileika mannlífsins. Fjölbreyttar kennsluaðferðir styðji við jafnræði, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi.
3. Vellíðan – Áhersla er lögð á öruggt námsumhverfi og aðstæður til leiks og starfs svo að börn öðlist trú á eigin getu, eflist og byggi upp seiglu. Einnig að snemmbær stuðningur, forvarnir og valdefling leggi grunn að vellíðan og velferð allra.
4. Samvinna – Byggt verður upp námssamfélög með þátttöku allra og að samvinna stuðli að lýðræðislegri virkni og tengslum. Þverfagleg samvinna og teymi eiga að styðja við framþróun og nýjar nálganir.

Námskráin er þannig ekki aðeins skjal sem útfærir nám og uppeldi í leikskóla, heldur einnig tæki til að tryggja að allir leikskólar fylgi lagalegum kröfum og stefnum sem miða að velferð og jafnræði allra barna.



Hafnarfjörður

2. Leikskólinn Álfaberg

Leikskólinn Álfaberg var opnaður 22. september 2010. Deildir leikskólans eru fimm og heita Askja, Keilir, Búrfell, Helgafell og Esja. Rými er fyrir 85 börn í leikskólanum og fer starfsmannafjöldi hverju sinni eftir aldri barna, vistunartíma, fjölda undirbúningstíma og fjölda úthlutaðra sérkennslutíma til barna. Leikskólabörnin hafa aðgang að íþróttasal grunnskólans þegar hann er laus til notkunar. Tvö útisvæði eru fyrir leikskólann og er það efra ætlað yngri börnum og það neðra fyrir þau eldri.

Leikskólinn er opinn frá 7.30 til 16.30 virka daga og geta foreldrar keypt breytilegan dvalartíma. Greiða fjölskyldur einungis fyrir þann tíma sem er nýttur. Hámarks dvalartími á hverjum degi eru 8.5 klukkustundir, lágmarksdvöl eru 20 tímar á viku (4 klst. á dag) og hámarks dvalartími hvernar viku eru 42 tímar á viku.

Frá og með 1. September 2024 tók í gildi nýtt skipulag fyrir leikskóladaginn í Hafnarfirði. Með nýju skipulagi er starfsemi innan leikskóladagsins tvíþætt, með fagstarfi og frjálsum tíma. Leikskólagjöld voru lækkuð í takt við styttri og sveigjanlegan dvalartíma og leikskóladagatalið varð 180 dagar og aðrir dagar ársins eru sérstakir skráningardagar. Markvisst fagstarf fer fram frá 9 – 15 alla virka daga. Frjáls tími og leikstundir eru frá 7.30 – 9 og eftir klukkan 15 á daginn.

Breyting á leikskóladagatali felur í sér að skrá þarf börn sérstaklega í leikskólann á svokölluðum skráningardögum, annars er litið svo á að þau séu í fríi. Það er á ábyrgð foreldra að skrá börnin í leikskólann. Foreldrar fá tilkynningu í tölvupósti um skráningardaga áður en til þeirra kemur.

Skráningardagar eru eftirfarandi:

- 2 dagar í október þegar vetrarfrí er í grunnskólum Hafnarfjarðar.
- Frá og með 21. desember til og með 2. janúar.
- 2 dagar í febrúar þegar vetrarfrí er í grunnskólum Hafnarfjarðar.
- 3 dagar í dymbilviku fyrir páska.
- Frá og með 10. júní til 10. ágúst.
- Börn taka fjögurra vikna samfelld sumarfrí yfir sumartímann.

Sviðsstjóri Mennta- og lýðheilsusviðs er yfirmaður leikskóla Hafnarfjarðar. Með honum starfa einnig þróunarfulltrúar leik- og grunnskóla, talmeina- og sálfræðingar, auk annarra ráðgjafa sem styðja við starfsemi sviðsins og þjónustu við leikskólana.



2.1 Hlutverk leikskólastjóra

Leikskólastjóri er fag- og rekstrarlegur leiðtogi og ber honum að vera í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. Hlutverk hans er að leiða lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa inna leikskólans og að starfsfólk leikskólans hafi tækifæri til að efla þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að starf leikskólans sé metið reglulega með innra mati og að niðurstöður séu notaðar til úrbóta í þágu starfsins. Að auki á leikskólastjóri að sjá til þess að lærdómssamfélag myndist þar sem faglegt starf leikskólans er reglulega ígrundað og þróað. Jafnframt ber leikskólastjóra að sjá til þess að farið sé eftir Aðalnámskrá, lögum og reglugerðum og stefnum sveitarfélagsins og skal gera grein fyrir starfsemi leikskólans í ársskýrslu og ársáætlun (Lög um leikskóla 2008/90; Aðalnámskrá leikskóla 2011).

Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi og í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs og stuðlar að jafnrétti og uppbyggilegum samskiptum með velferð barna að markmiði. Einnig ber honum skylda til að stuðla að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks með velferð um hagi barna og foreldra þeirra að leiðarljósi (Aðalnámskrá, 202). Leikskólastjóra ber að brýna þagnarskyldu fyrir starfsfólki sínu sem felst í þagmælsku um vitneskju sem það fær í starfi sínu og eftir að því lýkur og skal fara leynt með samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns og eða eðli málsins samkvæmt 52. gr. barnalaga, nr. 76/2003.

2.2 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna

Leikskólakennurum ber að gegna lykilhlutverkum í öllu leikskólastarfi. Þeir eiga að vera leiðandi í mótun uppeldis og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Þeir eiga að vera góðar fyrirmyndir í starfi með börnum og leitast við að styrkja lýðræðislegt hlutverk leikskólans. Leikskólakennurum ber að sjá til þess að hvert barn fái notið hæfileika sinna og að námsumhverfi sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar. Leikskólakennarar eru í mikilvægu hlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Hlutverk leikskólakennara á að vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Hann á að vera góð fyrirmynd í starfi með börnum og leitast við að styrkja faglegt hlutverk leikskólans. Litið er á leikskólakennara sem leiðandi samverkamann barna, foreldra og annars starfsfólks leikskóla. Honum ber að sjá til þess að hvert barn sé virt að verðleikum og að námsumhverfið sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar (Aðalnámskrá leikskóla, 2025).



2.3 Hlutverk leikskóla- og frístundaliða

Forsendur að farsælu leikskólastarfi er mannauður leikskólans. Allt starfsfólk leikskóla ber að rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og af samviskusemi. Starfsfólk skal gæta kurteisi og nærgætni í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki samkvæmt 7. gr laga um leikskóla 2008. Fagmennska í leikskólastarfi snýst um börnin í leikskólanum, menntun þeirra og velferð. Á starfsfólki hvílir sú skylda að veita börnum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva leikgleði þeirra og efla frjóa hugsun (Aðalnámskrá leikskóla, 2011 bls. 11).

Leikskóla- og frístundaliðar sinna uppeldi og menntun barna á leikskóla undir leiðsögn og stjórn deildarstjóra og stjórnenda leikskóla. Þeir taka þátt í leikskóla- og frístundastarfi innan leikskólans og öðrum þeim störfum sem fram fara innan skóladagsins og taka þátt í uppeldi og menntun barnanna eftir því skipulagi sem yfirmaður ákveður. Jafnframt starfa þeir samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum sem við eiga, Aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.

Allt starfsfólk leikskóla á að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til þeirra og hlusta á þau. Starfsfólk skal leitast við að vera í gefandi samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barna og vera góð fyrirmynd í hvívetna. Starfsfólki ber að vinna í anda aðalnámskrár og tileinka sér þá sýn sem sett er fram í skólanámskrá hvers leikskóla (Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

3. Hugmyndafræði og stefna leikskólans

3.1 Leikurinn

Hornsteinn leikskólastarfsins er leikur. Á bernskuárunum er leikur lífstjáning barna, hann er ríkjandi athöfn og mikilvægasta náms- og þroskaleið þeirra ásamt því að vera gleðigjafi. Börn leika sér frá náttúrunnar hendi því þau hafa gaman af því og grípa hvert tækifæri sem þeim býðst til leiks, bæði inn og úti.

Í aðalnámskrá leikskóla (2011 og 2025) er áhersla lögð á að sjálfssprotinn leik sem felur í sér að það eru börnin sem hafa frumkvæðið og að leiknum sé ekki stýrt af fullorðnum. Þar segir: „*Leikur sem er sjálfssprottinn greinist frá öðru atferli í því að hann er leiddur af börnunum; þau ákveða sjálf að leika, hvar og hvenær hann fer fram og um hvað þau leika. Þau semja reglur leiksins, skipuleggja upphaf, framvindu og lok hans*“.

Settar hafa verið fram nokkur leikform í aðalnámskrá leikskóla (2025) sem kennarar þurfa að þekkja. Um er að ræða hreyfi- og ærslaleikur, byggingaleikur, hlutverkaleikur og eins og áður hefur komið



Hafnarfjörður

fram sjálfssprottinn leikur. Ein helsta náms- og þroskaleið barna er leikur og lykillinn að því að börnum gangi vel í námi og daglegum athöfnum. Þegar börn leika sér æfa þau færni eins og sköpun, nýsköpun, samvinnu, athygli, einbeitingu, seiglu, tjáningu, samhygð og framkvæmd. Um leið upplifa þau yfirleitt mikla sjálfstjórn og vellíðan því í leiknum taka þau ákvarðanir, leysa vandamál, byggja upp sjálfstraust og fjölbreytta færni sem er ekki hægt að kenna á annan hátt. Félagsleg færni og seigla eru mikilvægir þættir fyrir börn að þroska með sér og læra. Seigla getur hjálpað börnum til að takast á við breytingar, kvíða og streitu. Fáir börn tækifæri til þess að æfa sjálfstjórn og leysa vandamál í leik, með jákvæðum stuðningi fullorðinna, er líklegt að þau þrói með sér seiglu. Félagsleg færni æfist í leik þegar börnin mynda tengsl við önnur börn og fullorðna og þau læra á umhverfi sitt. Mikilvægt er að hafa hugtakið fullgildi að leiðarljósi því það vísar til félagslegra samskipta barna, þátttöku þeirra og þess að tilheyra leikskólasamfélaginu. Öll börn vilja tilheyra hópnum og mynda vináttutengsl við önnur börn (Aðalnámskrá 2025).

Fyrir börnum er leikurinn ósjálfráður og óútreiknanlegur. Hvernig sem leikurinn er, þrífalegur, óþrífalegur, erfiður, auðveldur eða jafnvel kjánalegur, finnst þeim leikurinn seðjandi, hann veitir þeim áskorun og er gefandi. Um leið og börn leika sér eru þau skaparar, uppfinningamenn og gerendur. Það eru þau sjálf sem viðhalda leiknum. Eftir því sem börn verða eldri breytist leikur þeirra en ýmislegt helst þó óbreytt eins og upplifanir, ímyndunarafl, frjálsræði og andi leiksins. Um leið og börn leika sér njóta þau hverrar mínútu og eru mjög upptekin. Jafnframt læra þau og taka á móti nýrri þekkingu á sínum eigin hraða og á eigin forsendum. Þau læra að tjá hugmyndir sínar og tilfinningar um umhverfi sitt. Í leiknum æfa þau samskipti við félagasvo og samskipti við fullorðna og þróa þannig félagsleg tengsl við aðra s.s. samkennd, virðingu og vináttu. Með því að leika sér eru börnin að gera sitt besta til að skilja aðstæður í kringum sig. Þau taka langanir og upplifanir sínar úr hinu daglega lífi og yfirfæra þær í leikinn. Börn taka leikinn mjög alvarlega og aldrei er túlkun þeirra eins raunveruleg, hreinskilin og sönn eins og einmitt í leik. Þau hafa tækifæri til að vinna úr lífsreynslu sinni, jákvæðum upplifunum svo og áföllum. Leikur er góður grundvöllur fyrir þróun málþroska því innan leiksins eiga sér stað náttúrulegar samræður. Það vill stundum verða svo að þegar leik dagsins er lokið er hann tekinn upp aftur næsta dag og haldið áfram að leika hann. Sami leikur gæti jafnvel staðið yfir í nokkra daga og þróast hann þá frá degi til dags (Aðalnámskrá, 2025).

Fjöldi rannsókna í gegnum tíðina hafa sýnt fram á mikilvægi leiks í námi barna. Í gegnum leikinn læra börnin fjölbreytta færni sem þykir mikilvæg fyrir menntun þeirra á 21. öldinni. Meðal annars þróa þau félagslega færni eins og áður hefur komið fram, gagnrýna og skapandi hugsun, þau skapa



þekkingu og æfa fjölbreytt hlutverk og þær athafnir sem fylgja hverju hlutverki. Þau læra að verða virkir þátttakendur í samfélaginu og auka skilning sinn á heiminum í kringum sig (Aðalanámskrá leikskóla, 2025).

3.2 Leiðarljós leikskólastarfsins

Virðing og umhyggja eru tvö megin gildi leikskólastarfsins í Álfabergi og megin markmiðið er að bjóða börnum upp á kærleiksríkt, öruggt, skapandi og hvetjandi umhverfi til leiks og náms. Starfsaðferðir leikskólans eru byggðar á þessum þáttum og verða allir starfsmenn að tileinka sér þær þar sem leiðarljósinn eiga að endurspegla allt starfið.

Hver leikskóladagur er líkt og ævintýri og verður starfsfólk að vera sveigjanlegt og lausnamiðað til þess að geta veitt börnunum sem flest námstækifæri á hverjum degi. Dagskipulag fyrir deildar er til staðar en við verðum að vera tilbúin til þess að breyta því þar sem það getur breyst með stuttum fyrirvara. Við leggjum okkur fram við að mynda jákvætt andrúmsloft og skapandi og lærdómsríkt umhverfi fyrir börn og fullorðna. Börnum og starfsfólki á að líða vel. Borin er virðing fyrir líðan og tilfinningum barna, þeim er veitt umhyggja og leiðsögn. Það er hlutverk kennara að lesa í viðbrögð barna og mæta þörfum þeirra. Rödd barnsins er okkar leiðarljós og á hana eigum við að hlusta, fylgjast með og bregðast rétt við.



Hafnarfjörður

3.3 Kennsluhættir

Lögð er áhersla á leik í gegnum áhuga og styrkleika hvers barns og efla þannig trú þess á sjálft sig og hámarka um leið getu þess. Horft er til Fjölgreindarkenningar Howards Gardners sem taldi að skilgreining á greind væri of þröng og setti fram þá kenningu að hver einstaklingur byggji yfir að minnsta kosti átta grunngreindum sem eru:

1. **Málgreind** eða hæfileikinn til að tjá sig, að geta skrifað vel eða talað vel.
2. **Rök- og stærðfræðigreind** er hæfileiki til að vinna með tölur, rökfræði og kerfi.
3. **Rýmisgreind** er að geta séð hluti fyrir sér, ímyndað sér og séð í huganum hvernig hluturinn kemur út.
4. **Tónlistargreind** eða hæfileikinn til að skapa og njóta tónlistar.
5. **Hreyfigreind**, við notum þessa greind þegar við hreyfum okkur, hlaupum, dönsum eða byggjum eitthvað.
6. **Félagsgreind** er hæfileikinn til að eiga góð samskipti við aðra, fá aðra til að líða vel, lesa í líkamstjáningu annarra og hafa samkennd með tilfinningum annarra.
7. **Sjálfsþekkingargreind** er hæfileikinn til friðsældar, markmiðssetningar og sjálfsskoðunar. Hún leiðir til þess að við getum skilið eigin hegðun og tilfinningar.
8. **Tilfinningagreind** vísar til hæfni til að viðurkenna tilfinningar og tengsl þeirra og til að byggja rök hugsun og lausnaleit á þeim grunni. Felur í sér hæfni til að skynja tilfinningar, samlaga þær, skilja upplýsingar sem þær veita og hafa stjórn á þeim.

Börnin fá tækifæri í gegnum leik og nám til að reyna á og þroska öll greindarsviðin ásamt því að fá að þjálfra og þróa sínar sterkustu greindir. Í leikskólanum bjóðum við upp á fjölbreyttar kennsluaðferðir, bæði inni og úti, sem miða að því að bjóða hverju barni kennslu við hæfi sem miðar að þroska og getu barnsins.





Hafnarfjörður

Í dagskipulagi leikskólans er nægt rými gefið fyrir frjálsan og sjálfssprottinn leik barnanna. Þau hafa aðgang að margvíslegum efniviði eins og nokkrum tegundum af kubbum, leir, litum og blöðum, bókum, ýmsum efnivið sem hægt er að flokka og margt fleira. Leitast er við að hafa opinn efnivið í leik barna sem styður við þeirra eigin hugmyndir í leik og gefur þeim tækifæri til sköpunar. Nokkrum sinnum í viku fara börnin í hópastarf þar sem unnið er með námsefni eins og Blæ sem styrkir félagsleg samskipti og vináttu, í gegnum námsefni sem heitir Lubbi læra börnin íslensku málhljóðin, unnið er með hljóðkerfisvitund sem er grunnur að lestrarnámi barnanna og svo mætti lengi áfram telja.

Til þess að byggja upp jákvæðan skólabrag hefur leikskólinn til margra ára unnið með SMT-skólafærni. Þessi aðferð styður vel við hugsjón okkar um að koma fram við börn af virðingu, sýna umhyggju og veita jákvæða leiðsögn. Einnig að taka tillit til tilfinninga barna og veita þeim jákvæða athygli. SMT-skólafærni er notuð með eldri börnum leikskólans en með þeim yngri er unnið með boðskiptareglur Bínu.

3.4 Sérfræðipjónusta

Samkvæmt 21 gr. laga um leikskóla í reglugerð nr. 584/2010 kemur fram að sveitarfélög skulu reka sérfræðipjónustu fyrir leikskóla. Í sérfræðipjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Sveitarfélög ákveða fyrirkomulag sérfræðipjónustu en skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskóla.

Í Álfabergi er starfandi sérkennslustjóri í 50% stöðugildi sem hefur yfirumsjón með sérkennslu. Við höfum snemmtæka íhlutun að leiðarljósi í okkar í starfi en með því er átt við að bregðast strax við ef foreldrar eða starfsfólk leikskólans telja ástæðu til varðandi þroska barna. Í leikskólanum er einnig starfandi samráðsteymi og í því sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Bæði foreldrar og starfsfólk geta vísað í teymið málum sem tekin eru fyrir á fundum teymisins. Telji teymið ásamt starfsfólki ástæða til er þroski barnsins skoðaður frekar. Lagðir eru fyrir þeir þroskalistar sem leikskólinn styðst við í samráði við foreldra. Útbúin er þjálfunaráætlun eða einstaklingsnámskrá fyrir barnið ef á þarf að halda og unnið áfram með að efla þroska barnsins. Ef viðeigandi árangur næst ekki er málinu vísað í brúarteymis leikskólans (sjá nánar í næsta kafla um brúna), þ.e.

talmeinafræðings, sálfræðings, sérkennsluráðgjafa, o.s.frv.. Sérkennslustjóri sem er einnig tengiliður farsældar (sjá í umfjöllun um brúna) fylgir hverju máli eftir í samvinnu við foreldra og starfsfólk.



Hafnarfjörður

Markmiðið með sérkennslu í leikskólum er að tryggja að börn njóti leikskóladvalarinnar og fái fjölbreytilega kennslu sem taki mið af þörfum barnsins. Leikskólar bera ábyrgð á að börn sem þess þurfa hljóti sérkennslu. Í einhverjum tilvikum getur barn þurft að sækja stuðning utan leikskóla, til dæmis iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun eða talþjálfun.

Greiningartæki sem leikskólinn styðst við eru eftirfarandi:

- Orðaskil (metur orðaforða barna, foreldri fyllir út).
- Tras (metur þroskætti barna).
- Hljóm -2 (metur hljóðkerfisvitund elstu barna leikskólans).
- AEPS listi (metur almennan þroska barna).
- Íslenski þroskalistinn – metur almennan þroska barna 3-6 ára, foreldri fyllir út.
- Smábarnalistinn – metur almennan þroska 0-3 ára barna, foreldri fyllir út.
- AAL listinn (metur líðan og hegðun barna).
- Gerd Strand (mat á 4 ára börnum).

Á hverju vori fara fram skólaskil milli leik- og grunnskóla. Þar gefst leikskólakennurum og sérkennslustjóra að koma á framfæri upplýsingum til grunnskóla um börn sem hafa notið stuðnings í leikskólanum. Einnig er upplýsingum sem talið er nauðsynlegt að starfsfólk grunnskóla fái vitneskju um er varðar önnur börn sem ekki falla undir sérkennslu komið til skila. Skólaskil fara fram í samráði við foreldra.

3.4.1. Brúin

Á Íslandi hafa ný lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna tekið gildi. Þau eiga að sjá til þess að börn og foreldrar hafi greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem þau þurfa og fái rétta aðstoð á réttum tíma, frá réttum aðilum.

Allir starfsmenn leikskólans vinna eftir ákveðnum úrræðalista sem leikskólinn hefur útbúið sér til þess að bregðast við frávikum í málþroska, hegðun og líðan, félagsþroska og hreyfingu hjá barni. Um leið og frávika verður vart er úrræðalistinn virkjaður og snemmtæk íhlutun sett af stað.

Brúin, nefnist verklag sem Hafnarfjarðarbær hefur þróað með það að markmiði að samþætta þjónustu og efla stuðning við börn í leik- grunn- og framhaldsskólum og starfar samkvæmt lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Samvinna er á milli sérfræðinga á Mennta- og



Hafnarfjörður

Lýðheilsusviði og Fjölskyldu- og barnaverndarmálasviði. Þessi þjónusta leggur áherslu á stuðning og þjónustu á fyrri stigum við börn og fjölskyldur þeirra sem þurfa aukinn stuðning. Í leikskólanum er starfandi brúarteymi sem vinnur náið með fyrrnefndum sérfræðingum og fyrir hönd leikskólans í teyminu eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri sem jafnframt er tengiliður farsældar.

Saman vinnur brúarteymi að því að kortleggja stöðu barns og leita sameiginlegra lausna til stuðnings barninu og fjölskyldu þess. Í brúarteymi er meðal annars farið yfir nám, hegðun, þroska og líðan barns með samþykki foreldra. Ef þörf er á eru viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast við erfiðleikum eða aðstæðum barnsins. Dæmi um þessa þjónustu er þegar sækja þarf um málþroska mat fyrir barn hjá talmeinafræðingi eða ráðgjafa sem aðstoðar foreldra og forráðamenn með uppeldishlutverkið.

Fyrir leikskóla Hafnarfjarðarbæjar er margvísleg stoðþjónusta í boði eins og sérkennsla, snemmtæk íhlutun, greiningar, ráðgjöf og námskeið.

Farsæld barna

Öll börn undir 18 ára aldri og fjölskyldur þeirra skulu hafa aðgang að tengilið þjónustu í þágu farsældar barns eftir því sem þörf krefur. Hlutverk tengiliðar er:

- að hafa hagsmuni barns að leiðarljósi
- að rækja hlutverk sitt í samstarfi og samráði við foreldra og barn
- að veita upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns
- að aðstoða við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns
- að skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns
- að koma upplýsingum til sveitarfélags um þörf fyrir tilnefningu málstjóra
- að taka þátt í starfi stuðningsteymis eftir því sem við á

Þegar barn er við nám í leik-, grunn-, eða framhaldsskóla er tengiliður þjónustu í þágu farsældar barns starfsmaður skólans þar sem barnið er við nám eða leik.



4. Grunnþættir menntunar, samþætt og skapandi leikskólastarf

Menntastefna aðalnámskrár leikskóla (2025) byggir á sex grunnþáttum sem eru leiðarljós við mótun:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Þessir grunnþættir eiga stoð í löggjöf fyrir leikskóla, og einnig í öðrum lögum sem snúa að menntun og fræðslu – til dæmis lögum um jafnan rétt kynja. Einnig er tekið mið af stefnu stjórnvalda, svo sem í ritinu *Velferð til framtíðar*, auk alþjóðlegra sáttmála og stefnumörkunar – þar á meðal Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, stefnu UNESCO um sjálfbæra þróun og menntun, og stefnu Evrópuráðsins um lýðræði og mannréttindi. Einnig er byggt á faglegri sýn á hlutverk kennara og reynslu úr þróunarstarfi í skólum landsins.

Grunnþættirnir stuðla að því að börn og ungmenni þrói hæfni til að skilja samfélag, menningu, náttúru og umhverfi – og læri að efla eigin andlega og líkamlega vellíðan. Þeir miða að því að þroska einstaklinga sem geta bjargað sér í samfélaginu, unnið með öðrum og haft áhrif til framtíðar. Þeir hvetja til virkrar þátttöku, ábyrgðar og breytinga til hins betra. Þessir þættir endurspeglar jafnframt það viðhorf að menntun hafi bæði samfélagsleg og einstaklingsbundin markmið. Þeir leggja áherslu á jafnrétti og lýðræði, og styðja við það að samfélagið búi yfir heilbrigðu og vel menntuðu fólki sem getur tekið þátt í umbótum og gegnt fjölbreyttum störfum. Þeir marka mikilvægar áherslur í almennri menntun og stuðla að samfelli í öllu skólastarfi. Við mat á skólastarfi þarf að skoða hvernig grunnþættirnir birtast í kennslu, leik og námi.

Grunnþættirnir eiga að endurspeglast í daglegu skólastarfi – bæði í starfsháttum, samskiptum og menningu skólans. Þeir eiga að koma fram í námsefni og kennslu á öllum skólastigum, jafnt í námsgreinum sem námssviðum, og eiga að leiða bæði þekkingu og færni nemenda.



Hafnarfjörður

Námssvið geta verið viðfangsefni sem ná yfir mörg skólastig eða námsgreinar og endurspegla grunnþættina á þverfaglegan hátt. Grunnþættirnir eru samofnir öllu skólastarfi og hafa áhrif á:

- Val og innihald náms, kennslu og leiks
- Starfshætti og aðferðir sem börn og ungmenni tileinka sér
- Vinnubrögð kennara og starfsfólks, með það að markmiði að efla sjálfstæði, frumkvæði og þróun
- Mat á skólastarfi, þar sem metið er hvernig grunnþættirnir hafa mótað náms- og kennsluumhverfi

Aðalnámskrá leikskóla myndar heildstæða sýn á menntun. Skipulag skóladagsins – frá degi til árs – þarf að endurspegla þessa heildarsýn. Það krefst faglegrar víðsýni og oft nýrra, sveigjanlegra kennsluhátta sem miða að betra og fjölbreyttara skólastarfi.

4.1 Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni (Aðalnámskrá leikskóla, 2011 og 2025).

Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika, svo sem í fjölskyldu og atvinnulífi. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins. Í grunnþættinum jafnrétti er lögð áhersla á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir. Einnig er lögð áhersla á félagslegan skilning á því hvað felst í fötlun. Áskoranir fólks með fötlun eiga ekki síður rætur í umhverfinu en í skerðingu einstaklings. Leggja skal áherslu á skóla án aðgreiningar í öllu leikskólastarfinu. Draga þarf fram að ýmsir búa við margþætta mismunum þegar fleiri en einn þáttur tvinnast saman, t.d. kyn og fötlun, kynhneigð og þjóðerni, o.s.frv. (Aðalnámskrá leikskóla, 2011 og 2025).

Í Álfabergi leggjum við áherslu á að öll börn fái tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína og áhugasvið. Börnin eiga að finna að þau eru hluti af hópi þar sem ríkir réttlæti og



Hafnarfjörður

virðing fyrir einstaklingnum. Við leggjum okkur fram við að virða skoðanir barna og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu starfsins og gefa þeim kost á að taka þátt í ákvörðunum um verkefni leikskólans. Samkvæmt Barnasáttmálanum (2025) eiga öll börn að njóta allra réttinda án tillits til hvers þau eru, hvar þau búa, hvaða tungumál þau tala, á hvað þau trúu, hvernig þau hugsa og líta út, af hvaða kyni þau eru, hvort þau eru fötluð, rík eða fátæk og án tillits til þess hvað fjölskylda þeirra gerir eða trúir á. Einnig segir í Barnasáttmálanum að aldrei skuli koma fram við barn af óréttlæti. Í leikskólanum notum við SMT-skólafærni sem tryggir að allir starfsmenn komi eins fram við öll börn af virðingu og umhyggju. Með SMT er einnig lögð áhersla á að sjá það jákvæða hjá hverjum og einum og hrósa fyrir það sem gengur vel.

Myndrænt skipulag og boðskiptahálsmen eru notuð til að hjálpa t.d. börnum af erlendu bergi sem eru að stíga sín fyrstu skref í að læra íslensku og öllum börnunum okkar til að þau átti sig betur á hvað er að gerast yfir daginn þannig að jafnrétti ríki meðal okkar allra.

Unnið er sérstaklega með lífleiðni í leikskólanum. Lífleiðni á sér stað yfir allan daginn, allan ársins hring. Leitast er við að hafa fjölbreytta samfélagslega umræðu í leikskólanum þar sem m.a. er fjallað um jafnrétti, mismunandi bakgrunn og ólíkar fjölskyldugerðir. Jafnrétti kynjanna er stöðugt í skoðun og reglulega þurfum við að setja á okkur kynjagleraugun til að rýna í starfshætti okkar og viðhorf. Er þá m.a. horft til þeirra bóka sem við erum að lesa, efniviðar og viðfangsefna í leikskólanum.

Til þess að styðja við nám barnanna í lífsleiðni notum við námsefni sem heitir Blær. Námsefnið fjallar um vináttu og er forvörn gegn einelti. Samkvæmt Barnaheill (2025) er markmið vináttu:

MARKMIÐ VINÁTTU ERU:

Skapa menningu þar sem öll börn tilheyra hópnum óháð útliti, skoðunum, styrkleikum eða veikleikum þeirra.

Efla félagsanda sem byggir á virðingu, fjölbreytileika, hugrekki og umhyggju.

Að gildi Vináttu verði hluti af öllu skólastarfi og samfélaginu öllu.

Starfsfólk skóla og foreldrar séu alltaf góðar fyrirmyndir barna sinna og hafi jákvæð áhrif á félagsanda barnanna.

Helsta markmiðið er að skapa umhverfi þar sem einelti nær ekki að þrífast.



4.2 Læsi

Læsi hefur þróast frá því að snúast eingöngu um lestur og ritun prentaðs máls yfir í að vera fjölbreytt og félagslegt fyrirbæri. Það felur í sér að skapa og skilja merkingu í samhengi við menningu, aðstæður og miðla. Læsi er ekki einungis einstaklingsbundin færni heldur byggir á samspili reynslu, samfélags og tækni. Stafræn tækni hefur víkkað ramma læsis; lestur og ritun fara nú fram á mörgum miðlum og með ýmsum tjáningarformum. Skólastarf felur í sér stafrænt læsi, miðlamennt og miðlalæsi – þ.e. hæfni til að meta og nýta fjölmiðla og tækni til sköpunar, miðlunar og samskipta (Aðalnámskrá leikskóla, 2025).

Mikilvægt er að hafa í huga að þótt þeim verkfærum sem nota má í skólastarfi hafi fjölgað er mikilvægi ritunar og lesturs ótvírætt. Það skiptir máli er að börn nái tökum á tiltekinni lestrar- og ritunartækni þó svo að nemendur geti nýtt sér alla þá tækni sem þeir geta notað í samskiptum, námi og merkingarsköpun í þágu sjálfra sín og samfélagsins. Nemendur eiga að vera virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa sína eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á (Aðalnámskrá leikskóla, 2025).

Í leikskólanum Álfabergi er fylgst náið með málþroska barna og notast er við skimanir til þess að fylgjast vel með. Notast er við TRAS málþroskamatið frá 2,2 ára og skráð er tvisvar sinnum á ári, málþroskaprófið Orðaskil sem foreldrar allra 2ja og 3ja ára barna svara og niðurstöður úr Hljóm-2 málþroskaprófinu eru nýttar. Einnig berast leikskólanum upplýsingar frá Heilsugæslu eftir 2.5 og 4 ára skoðun barnsins í Ungbarnaefirliti.

Handbók leikskólans um málþroska og læsi og snemmtæka íhlutun var gefin út árið 2020. Unnið er eftir þeim verkferlum sem settir eru fram í handbókinni.

4.3 Heilbrigði og velferð

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (2025) felst heilbrigði í andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan og byggist á samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Skólastarf á að efla heilbrigði og vellíðan nemenda, enda verja þau stórum hluta dagsins í leikskólanum. Skapa þarf **jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi** þar sem unnið er markvisst að þroska og heilbrigði. Lykilþættir eru m.a. sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, samskipti, öryggi, kynheilbrigði og tilfinningagreind.

Starfsfólk skóla þarf að:



Hafnarfjörður

- Vera meðvitað um mikilvægi forvarna og heilbrigðra lífshátta.
- Veita fræðslu og stuðla að góðum venjum í daglegu lífi.
- Efla samskiptafærni, sjálfsmynd, markmiðasetningu og streitustjórnun.

Áhersla á að vera á daglega hreyfingu því hreyfiuppeldi leggur grunn að líkamlegri og andlegri velferð. Einnig þarf að stuðla að hollu mataræði og gefa rými fyrir máltíðir sem félagslegar athafnir. Skólinn þarf að taka mið af einstaklingsþörfum nemenda og byggja á styrkleikum og áhugasviðum þeirra til að efla sjálfsmynd og heilbrigði. Samvinna við foreldra, heilsugæslu og nærumhverfi er nauðsynleg til að ná árangri. Allt starfsfólk gegnir lykilhlutverki sem fyrirmyndir og þarf að vinna markvisst að vellíðan og jákvæðu námsumhverfi (Aðalnámskrá leikskóla, 2025).

Þegar unnið er með heilbrigði og velferð barna er að mörgu að hyggja. Það þarf að huga að félagsþroska, tilfinningargreind, fyrirmyndum og sjálfsmynd barnsins. Unnið er með þessa þætti m.a. í lífsleikni ásamt því að flétta þá inn í allt leikskólastarfið. Sjálfsmynd er ekki meðfædd og því er mikilvægt að vinna að jákvæðri sjálfsmynd og að börnin verði sterkir einstaklingar. Umhyggja, skapandi starf og sjálfstæði í vinnubrögðum hefur jákvæð áhrif á sjálfsmynd barna sem leiðir til aukinnar vellíðanar. Góð hreyfigeta og vellíðan styður einnig við góða sjálfsmynd. Einnig er mikilvægt að börnin þekki styrkleika sína og geti nýtt sér þá til að þroska og dafna. Veita þarf tækifæri til þess að styrkja veikleika með því að nýta styrkleikana sem þau búa yfir. Börn hafi ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Í leikskólanum leggjum við því áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi og fá börnin okkar meðal annars að fara í gönguferðir, í hreyfingu í fimleikasal í Bjarkarhúsinu og í íþróttahús Engidalsskóla sem er í sömu byggingu og okkar.

Þar sem börn verja miklum hluta af vökutíma sínum í leikskóla er mikilvægt að skólastarfið stuðli að vellíðan og öryggi þeirra. Á Álfabergi læra börnin um mikilvægi hreinlætis, um hollt mataræði, gildi hreyfingar og fá tækifæri til að tileinka sér heilbrigðan lífstíl. Í skipulögðum hreyfistundum er lögð áhersla á vinnu með m.a. samhæfingu, úthald, jafnvægi og styrk. Við hreyfum okkur inni og notum fallega umhverfið okkar úti til að æfa þessa þætti. Mikilvægt er að börn læri að þekkja líkama sinn og þá getu sem þau búa yfir. Hvíld er einnig mjög mikilvæg, að ná slökun eða t.d. sofna í leikskólanum. Hvíldartímar eru því fyrir öll börn í hádeginu hvern dag. Lögð er áhersla á að hafa hvíldina sem notalegasta og notum við til þess m.a. dýnur, teppi, lýsingu, rólega tónlist, lesum sögur, allt eftir þörfum og aldri barnanna.



4.4 Sjálfbærni

Sjálfbærni snýst um samspil þriggja þátta í þróun samfélagsins. Þættirnir eru umhverfi, efnahagur og félagslegir þættir. Umhverfisþátturinn er mjög mikilvægur þegar talað er um sjálfbærni og nauðsynlegt er að hugsa vel um umhverfið og kenna börnum að umgangast umhverfi sitt af virðingu. Við í Álfabergi erum svo heppin að við erum staðsett þannig að stutt er í náttúruperlur í umhverfi okkar. Við erum umlukin hrauni og fjaran er ekki langt frá okkur. Einnig getum við farið á Víðistaðatún, í Hellisgerði og fleiri fallega staði. Með því að fara reglulega í vettvangsferðir um þessa staði notum við tækifærið um leið og fræðum börnin um mikilvægi virðingar og umgengni um náttúruna. Félagslegir þættir eru mikilvægir í sjálfbærni sem og lýðheilsa, þar sem hver einstaklingur lærir að bera ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu.

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (2025) miðar sjálfbærnimenntun að því að efla hæfni fólks til að takast á við áskoranir sem tengjast umhverfis-, samfélags- og efnahagsþáttum.

- **Sjálfbær þróun** snýst um að mæta þörfum samtímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða.
- Litið er á **sjálfbærni sem jafnvægi** og sjálfbæra þróun sem breytingarferli til að ná því jafnvægi.
- **Skólastarf** ætti að leggja áherslu á að smáar breytingar skipta máli – ekki þarf að bíða eftir stórum framförum.
- **Náttúran og vistkerfi** setja mörk sjálfbærrar þróunar. Nemendur þurfa að skilja og virða náttúruna.
- Mikilvæg úrlausnarefni eru: **umhverfisvernd, loftslagsbreytingar og lífbreytileiki**.
- **Félagsleg sjálfbærni** byggir á jöfnuði, lýðræði, fjölbreytileika og virðingu fyrir menningu annarra.
- **Efnahagsleg sjálfbærni** felur í sér skynsama auðlindanýtingu og hófsemi í framleiðslu og neyslu.
- Mikilvægt er að efla **neytendavitund og fjármálalæsi**.
- Markmið sjálfbærnimenntunar er að þroska **virka, ábyrgðarmikla borgara** sem taka þátt í samfélaginu.
- **Lýðræðisleg vinnubrögð** og þátttaka nemenda eru grundvallaratriði í sjálfbærnimenntun.

Börn nota fjölbreyttar aðferðir til að kanna umhverfi sitt, skynja og skilja. Leikskólinn þarf að skapa börnum möguleika á að uppgötva og upplifa umhverfið og taka þátt í félagslegum samskiptum. Eftir því sem börnin þroskast byggja þau ofan á reynslu sína og bæta við þekkinguna. Efnahagslegi þátturinn er einnig mikilvægur. Nauðsynlegt er að huga að sparnaði í innkaupum á vörum og efniviði. Jafnframt að huga að orkusparnaði. Efnivið skal endurnýta eins og kostur er, bæði hvað varðar í listir og almenna notkun. Hvað þennan þátt varðar eru kennarar mikilvægar fyrirmyndir og umræður við



Hafnarfjörður

börnin. Við leggjum áherslu á að ganga vel um efnivið leikskólans og nota hóflega t.d. af málningu, pappír o.fl. í verkefnavinnu okkar. Flokkun sorps hefur orðið að stórum þætti í leikskólastarfinu og pappír, plast, matarleifar og fleira flokkað. Börnin fara með pappa í grenndargáma í nágrenninu og læra um það hversu mikilvæg flokkunin er fyrir umhverfið okkar.

4.5 Sköpun

Sköpun í námi samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (2025) felur í sér að nám eigi sér stað þegar einstaklingur vinnur með nýtt áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja merkingu. Menntun verður þannig leið til sjálfssköpunar þar sem einstaklingur þroskast og eykur hæfni sína.

Sköpun sprettur af forvitni, athafnaþrá og frumkvæði. Hún felur í sér að búa til eitthvað nýtt eða öðruvísi, virkja ímyndunarafl, leika sér með möguleika og finna lausnir. Sköpun gefur merkingu og gleði í námi.

Ferlið sjálft er jafn mikilvægt og niðurstaðan – það eflir **gagnrýna hugsun**, innsæi og persónulega sýn. Sköpun tengist ekki aðeins listum heldur á hún heima í öllum námsgreinum og skólastarfi.

Sköpun og gagnrýnin hugsun eru lykilatriði í læsi og lýðræðislegri þátttöku. Sköpun nýtir bæði það sem fyrir er og það nýja – og opnar leiðir að lausnum og framtíðarsýn.

Leikur sem námsaðferð skapar rými fyrir sköpunargleði, sjálfstjórningu og þátttöku. Í sköpun felst tækifæri til að þroskast sem einstaklingur og taka virkan þátt í samfélaginu.

Áhersla er á sköpun í gegnum áhuga og styrk barnsins í leikskólanum Álfabergi og efla með því trú þess á sjálf sig og hámarka um leið getu þess. Hugmyndafræði Howards Gardners er leiðarljós okkar á þeirri leið og að vera meðvituð um að allir séu góðir í einhverju en enginn í öllu. Við leitum leiða í leikskólastarfinu til að vekja upp forvitni barna sem síðan getur orðið kveikja að viðfangsefni hverju sinni og hvetur þau áfram í að rannsaka. Með því eru auknar líkur á því að áhugahvöt barna aukist ríkulega. Forvitni barna hvetur til þess að kanna hvað við vitum og hvað við viljum vita, afla upplýsinga með fjölbreyttum leiðum og vinna úr þeim. Mikilvægt er að kennarar séu vakandi fyrir hugmyndum barnanna, grípi hvert tækifæri og framkvæmi með þeim það sem þau hafa á að rannasaka meira um.

Í leikskólanum fá börnin tækifæri til að vinna með listsköpun á sínum forsendum. Mikið er um opinn og verðlausan efnivið sem börnin eiga auðvelt með að ganga í. Fátt er bannað í sköpun og fá börnin



því að gera tilraunir með efniviðinn á frjálsglegan hátt. Einnig er unnið með verkefni sem tengjast öðrum námssviðum ásamt því að grípa áhugasvið barnanna hverju sinni.

4.6 Lýðræði og mannréttindi

Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og möguleikum til þroska. Leikskólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn. Lýðræði er mikilvægt á vettvangi leikskólans. Í fyrsta lagi þurfa leikskólar að taka mið af því að barna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa leikskólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Umhyggja fyrir fólki, dýrum, umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum. Í ljósi þess þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og samstarfi við grenndarsamfélag innan sveitarfélags eða hverfis en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum sjálfbærni (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Í daglegu starfi Álfabergs læra börn að hlusta, virða skoðanir annarra, tjá eigin hugmyndir og vinna í hópum. Þau læra að leita lausna ásamt því að tileinka sér lýðræðisleg vinnubrögð. Þetta eflir samskiptafærni þeirra og trú á eigin getu. Í leikskólanum er lögð áhersla á vináttuna og að börnin beri umhyggju og virðingu fyrir sjálfum sér, öðru fólki, dýrum og umhverfinu. Þetta er hluti af því að tileinka sér lýðræðislega hugsun og vinnubrögð. Börn, foreldrar og starfsfólk taka þátt í að meta starfið með því að taka þátt í könnun um starf leikskólans. Elstu börn leikskólans taka þátt í matinu með því að svara hvað þeim finnst skemmtilegast/leiðinlegast að gera, hverju þau fá að ráða og hvað megi betur fara. Það er hluti af lýðræði og mati þeirra á skólastarfi okkar. Börnin eru hvött til að horfa gagnrýnum augum á umhverfið sitt og að koma skoðunum sínum á framfæri.

Við upphaf leikskólagöngu er byrjað að huga að því að kenna börnum sjálfshjálp s.s. við salernisferðir, matarborð, o.fl.. Við þjálfum og æfum börnin að finna til viðeigandi fatnað til útiveru og að klæða sig sjálf í og úr. Með aukinni sjálfshjálp verða börn fyrr sjálfbjarga og það hefur góð áhrif á sjálfsmynd þeirra og sjálfsöryggi. Í daglegu starfi er alltaf haft að leiðarljósi að börn verði sjálfsörugð og við finnum leiðir til að aðstoða hvert og eitt barn eftir þörfum þess. Það eru sjálfsöğð mannréttindi barna að það sé komið á móts við þarfir þess. Við leggjum metnað okkar í að taka vel á



Hafnarfjörður

móti hverjum einstaklingi og foreldrum sem og að kveðja í lok dags. Foreldrar eru raddir barna sinna þar sem þeir geta komið upplýsingum til okkar um börnin og líðan þeirra og tryggt þannig lýðræði og sjálfsögð mannréttindi.

Leiðir til að tryggja lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfi eru m.a. eftirfarandi:

- Að börnin upplifi að þau hafi val og geti haft áhrif á lek og störf.
- Að börnin taki þátt í mati á skólastarfinu
- Vinna með lífsleikni þar sem hegðun er styrkt og leiðrétt eftir þörfum.
- Að kennum börnunum samskiptareglur, t.d. með SMT-skólafærni.
- Að börnin fái fræðslu um umhverfið og læri að bera virðingu fyrir náttúrunni með útikennslu, gönguferðum og fleiru.
- Við notum könnunaraðferðina sem kennslutæki, þar hafa börn áhrif á hvað er rannsakað, hvað þau vilja læra meira um og koma með eigin hugmyndir.
- Túlkaþjónusta/sérkennsla.
- Fjölmennning sé hluti af daglegu starfi okkar. Við lærum og kennum að bera virðingu fyrir öðrum menningarheimum og að bera virðingu fyrir ólíkum fjölskyldugerðum.
- Börnin skiptast á að vera umsjónarmenn, í því felst að þau fá að sækja matinn með kennara, leggja á borð. Veðurfræðingar eru á elstu deildunum þeir athuga veðrið með kennara og láta barnahópin vita hvaða föt væru æskilegust til að klæðast þann daginn.
- Að fullorðnir beri virðingu fyrir þörfum og getu barna og mæti þeim þar sem þau eru stödd.
- Í daglegu lífi veitum við börnunum tækifæri/verkfæri til að taka eigin ákvarðanir sem eru virtar. Hlusta á barnið og beita gagnvirkum samskiptum. Einnig að bera virðingu fyrir skoðunum þeirra.
- Kennarar taka við ábendingum barnanna um það sem betur má fara t.d. í umhverfi þeirra, s.s. leikskólanum og nærumhverfi.

5. Samþætt og skapandi leikskólastarf

Eins og áður hefur komið fram byggist leikskólastarf á lögum um leikskóla þar sem lögð er áhersla á gildi lek. Skipulag leikskólans skal síðan taka mið af því. Hér að ofan var fjallað um grunnþætti menntunar og við fléttast saman svokölluð námssvið. Þessir þættir eiga að byggja á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast öllum daglegum athöfnum í leikskólanum. Hvert svið hefur sín sérkenni sem styrkjast í lek barna en um leið snertir það á öðrum sviðum. Dæmi um þetta getur verið til dæmis að barn er að leika sér í kubbum og er að styrkja, sköpun, læsi, sjálfbærni og samskipti í einum og sama leiknum (Aðalnámskrá leikskóla, 2025).



Hafnarfjörður

Þegar grunnþáttum menntunar og námssviðum leikskóla er flétta saman eiga þau samkvæmt

aðalnámskrá leikskóla (2025) að:

- vera ánægjuleg og stuðla að vellíðan barna,
- stuðla að því að starf leikskóla einkennist af inngildandi hugarfari og starfsháttum,
- vera samþætt leik barna og hvetja þau til sjálfsprottins leiks,
- taka mið af margbreytileika barna,
- stuðla að uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði,
- byggjast á áhuga, hugmyndum, reynslu og þátttöku barna,
- vera samofin daglegu starfi leikskóla,
- taka mið af aldri, færni og þekkingu barna,
- stuðla að því að nám barna fari fram í samvinnu og samstarfi við önnur börn og fullorðna,
- efla trú barna á eigin getu,
- stuðla að sterkri sjálfsmynd barna og þekkingu þeirra á eigin tilfinningum,
- stuðla að sjálfstæði, sjálfræði og frumkvæði,
- hvetja til ímyndunar og sköpunar,
- efla fjölskynjun í leik,
- vekja forvitni og hvetja til rannsókna og að spyrja spurninga,
- efla áhuga barna á námi og hvetja þau til að læra og auka þekkingu sína, leikni og hæfni,
- taka mið af félags- og tilfinningalegum þáttum náms,
- vera skipulögð í samvinnu barna, starfsfólks og foreldra,
- taka mið af mismunandi tjáningarmáta barna.

5.1 Leikur sem námsleið, læsi og samskipti

Skapa þarf sérhverju barni þær bestu leikaðstæður sem völ er á. Það er hlutverk leikskólakennara að hafa markviss áhrif á, taka þátt og efla nám barnanna í leik þar sem barnið stjórnar framgangi leiksins. Hverju barni á að veita skilyrði til að njóta styrkleika sinna í gegnum leikinn og þarf því meirihluti leikskóladagsins að innihalda leik (Aðalnámskrá leikskóla, 2025).

Almennt eru börn félagsverur og hafa ríka þörf fyrir samskipti. Þegar börn fá tækifæri til að leika sér eflist hæfileiki þeirra til samskipta og málproski þeirra eykst. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Hlutverk kennara á Álfabergi er að skapa aðstæður svo að nemendur leikskólans fái tækifæri til að æfa sig í jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum, skiptast á skoðunum, styrkja sjálfsmynd sína og sjálfsþekkingu. Einnig að stuðla að sjálfstæði og frumkvæði, hvetja til ímyndunar og sköpunar og vekja forvitni þeirra fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Jafnframt að stuðla að vellíðan, vináttu og gleði. Fyrir yngstu börnin okkar skiptir mestu máli að tengja orð við athafnir í öllu starfinu, s.s. í matartímum, í fataklefa, á útisvæði, o.s.frv. til þess að efla orðaforða. Við vinnum í hverjum mánuði með ákveðna orðflokka sem eru aldursskiptir og gefnir út af Miðstöð menntunar og



Hafnarfjörður

skólaþjónustu (2025). Hvetur það börnin til þess að kynnast nýjum orðum og orðflokkum. Yngstu börnin okkar þurfa líka að fá tækifæri til að hlusta á eigin rödd, mynda allskonar hljóð og hljóðasambönd, endurtaka, herma eftir og oft verður það að leik (Aðalnámskrá leikskóla, 2025).

Það er einnig mikilvægt að kenna góð samskipti. Börn á þessum aldri eiga erfitt með að setja sig í spor annarra. Við notum Bínu og SMT-skólafærni þar sem kenndar eru ákveðnar reglur sem aðstoða við góð samskipti. Einnig tilfinningaspjöld til að börnin átti sig á hvernig manni getur liðið. Jafnframt er námsefnið *Blær* notað en það leggur áherslu á að styðja börnin og kenna þeim að eiga farsæl samskipti og öðlast hæfileika til að setja sig í spor annarra. Starfsmenn eru fyrirmyndir barna bæði þegar kemur að málörvun og samskiptafærni, að vanda málfar sitt skiptir miklu máli. Börnunum er gefinn kostur á að nota önnur námsgögn í læsi og samskiptum og má þar helst nefna spjaldtölvur. Hægt er að tjá sig og öðlast færni í læsi með þessum tækjum (Barnaheill, 2025).

Í öllum þáttum daglegs starfs leggja kennarar sig fram við að ýta undir læsi- og samskiptafærni nemenda með því að örva mismunandi þroska svið; vitsmuna þroska, skynjun, félags-, tilfinninga-, hreyfi- og málþroska. Þessir þættir fléttast saman og þeir eru eflidir með því að:

Leiðir:	Leiðir:
Nota hvatningu.	Nota tákn með tali.
Spyrja opinna spurninga.	Nota fjölbreytt málörvunarefni.
Skiptast á skoðunum og hugmyndum.	Nota námsefnið <i>Blæ</i> .
Lesi sögur, ljóð, þulur og ævintýri.	Stafainnlögn í gegnum leik.
Syngja lög og vísur.	Framsögn, deila skoðunum sínum og hugmyndum.
Gefa tækifæri til að semja sögur og ævintýri.	Leikræn tjáning, tónlist og dans.
Hafa ritmál sýnilegt.	Nota boðskiptahálsmen.
Hafa myndrænt dagskipulag.	Hafa bækur sýnilegar og vinna með þær.
Nota markvissa málörvun.	Fara í vettvangsferðir.
Vinna með hugtök og hugtakaskilning.	Nýta bókasafn skólans.
Efla sjálfsmynd og sjálfstraust.	Vinna með virðingu fyrir öðrum.
Nota ólíkar leiðir og tækni til að ná í.	Velta vöngum yfir okkar samfélagi og menningu, sem og annarra þjóða.
upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar.	Nota námsefni <i>Lubba</i> .
Byggja upp jákvæð og uppbyggileg samskipti.	Vinna með Barnasáttmálann.

5.2 Heilbrigði og vellíðan

Eins og áður hefur komið fram er lögð áhersla á hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og fjölbreytta hreyfingu í leikskólanum. Börn þurfa mikla hreyfingu sem veitir þeim vellíðan, ánægju og útrás. Líðan



Hafnarfjörður

Þeirra hefur áhrif á sjálfsmynd þeirra og eflir trú á eigin getu. Hún eykur líkamsvitund barna og eflir jafnframt félags- og málþroska þeirra. Við upphaf leikskólagöngu leggjum við grunninn að vellíðan og aðlögun barna skiptir miklu máli. Við kynnumst barninu og foreldrum þeirra og um leið kynnast foreldra starfi leikskólans. Þar sem foreldrar eru sérfræðingar um börnin sín leitum við strax eftir öllum þeim upplýsingum sem skipta máli fyrir vellíðan barnsins í leikskólanum. Samvinna við foreldra skiptir jafnframt höfuð máli út alla leikskólagönguna og leitum við til þeirra eftir þörfum. Mikilvægt er að börnin verði örugg í leikskólanum. Þau kynnast dagskipulagi og verða öruggari dag frá degi. Jákvæð samskipti eru einnig mikilvæg og á Álfabergi leggjum við mikla áherslu á framkomu og virðingu starfsfólks við börn. Börnin eiga að finna að starfsfólki sé umhugað um þau og vellíðan þeirra. Við leggjum mikla áherslu á koma á móts við ólíkar þarfir barnanna og höfum að leiðarljósi að allir eru góðir í einhverju en enginn í öllu. Með auknum þroska og aldri er hægt að fara nánar í góð samskipti milli barna og þar notum við SMT- reglurnar okkar til stuðnings. Einnig aukum við þol, úthald og hreyfingu barnanna með aldrinum sem og útiveru sem eykur vellíðan.

Leiðir:	Leiðir:
Áhersla á hollan og næringarríkan mat.	Veita börnum öryggi og umhyggju.
Fræðsla um mikilvægi hollustu.	Hvetja börn til að smakka allan mat.
Ávaxtastundir milli mála.	Vatn aðgengilegt allan daginn.
Hafa matartíma notalega, lýsing, luktir, o.s.frv.	Áhersla á hreinlæti og handþvott.
Áhersla á hvíldarstundir hjá öllum aldurshópum.	Næg hreyfing yfir daginn fyrir alla.
Hreyfistundir, bæði úti og inni.	Vettvangs- og gönguferðir.
Efla sjálfshjálp.	Veita tækifæri fyrir fínhyfingar.
Efla sjálfsmynd.	Vinna með Barnasáttmálann.

5. 3. Sjálfbærni og vísindi.

Börn beita margvíslegum aðferðum við að kanna og reyna að öðlast skilning á umhverfi sínu. Þau snerta, smakka, hlusta, horfa, flokka, rannsaka og draga ályktanir. Könnunarleikurinn er tilvalinn til þess að börnin fái þessi tækifæri. Það er hlutverk kennarans að vera fyrirmynd og skapa aðstæður svo börnin fái reynslu og meiri þekkingu. Þeim er kennt að bera virðingu fyrir umhverfinu og náttúrunni og þau fá tækifæri til að upplifa og njóta. Börnunum er kennt að nýta þann efnivið sem til er. Kennarar ýta undir forvitni barnanna, hvetja þau áfram og kenna þeim að leita lausna. Kennarar eru fyrirmyndir í orkusparnaði og hagkvæmum innkaupum og fræða börnin um mikilvægi þessa. Á *Degi umhverfisins* og á *Degi íslenskrar náttúru*, fara börn og starfsfólk út og vinna saman í þágu náttúru og umhverfisverndar. Þau vinna síðan áfram með verkefni tengda þessum dögum.



Hafnarfjörður



Hafnarfjörður

Í Álfabergi leggja kennarar sig fram við að ýta undir sjálfbærni, vísindi og þekkingu nemenda í víðum skilningi með því að:

Leiðir:	Leiðir:
Fara í vettvangsferðir þar sem lífríkið er skoðað s.s. jurtir, fuglar og skordýr.	Fara í vettvangsferðir í þeim tilgangi að tína rusl.
Hafa umræður og bókalestur um veðurfar, árstíðir, hitastig, gróður, dýralíf, o.fl.	Fara í fjöruferðir til að kynnst lífríki sjávar.
Heimsækja Náttúrugripasafn Kópavogs.	Gera tilraunir m.a. með vatni, stækkunargleri, seglum, o.fl.
Nýta opinn efnivið s.s. steina, köngla, tré, laufblöð, o.fl.	Vinna með form, tölur, rými, fjarlægðir, stærðfræðihugtök, tákni og mynstur.
Vinna með ljós og skugga.	Veita börnum aðgang að spjaldtölvum, myndavélum og smásjá.
Ræða um upplýsingamiðlun, framsetningu og gildi upplýsinga.	Velta fyrir okkur möguleikum og takmörkunum tækninnar.
Skoða eiginleika ýmissa hluta og efna.	

5. 4. Sköpun og menning.

Við hvetjum við börnin til gagnrýnninnar hugsunar og leyfum frjóu ímyndunarafla að njóta sín. Við leitumst við að aðstoða börn við að þroska sköpunarhæfni sína og gera þau að heilbrigðum og sterkum einstaklingum. Hver hópstjóri sér til þess að öll börn fái að njóta þess að skapa í Snillistundum og að sköpunargáfa hvers og eins fái notið sín. Skapandi starf einkennir leikskólastarfið og í hverri lotu eru verkefni sem reyna á sköpunargáfu. Á Álfabergi er að finna opinn efnivið sem styður við sköpun og að hugmyndir hvers og eins fái að njóta sín. Börn fá að tjá sig óhikað með því formi sem þeim líður best með hvort sem er með myndlist, söng, leiklist o.s.frv. Kennarar hrósa og hvetja þannig að börn eflist í sköpun og sjálfstæðri hugsun. Við kynnum fyrir börnum okkar menningu sem og ólíka lífshætti og menningu annarra landa. Með aldrinum fá börn að nota fjölbreyttari efniviði og aðferðir. Elstu börn leikskólans kynnst menningu nánar með því að fara í sérstakar vettvangsferðir til að kynna sér helstu söfn, kennileiti og fleiri áhugaverða staði í Hafnarfirði og nágrenni. Einnig sækja þau þá menningarviðburði sem standa þeim til boða.



Í leikskólanum eru endalaus tækifæri til sköpunar og eru eftirfarandi leiðir farnar til þess:

Leiðir:	Leiðir:
Hafa að leiðarljósi að í frjálsum leik reynir á ímyndunarafl, samvinnu og sjálfstæði barnanna.	Bjóða upp á opinn efnivið í leik og starfi. Dæmi um opinn efnivið eru einingakubbar, holukubbar, leikdeig, vatn, efnisbútar, sandur, o.s.frv.
Bjóða upp á opinn efnivið í leik og starfi.	Bjóða upp á vinnu með tónlist, myndsköpun og leikræna tjáningu og skapa þannig og tjá upplifun sína.
Veita börnum tækifæri til að skapa eftir eigin hugmyndum og leyfa ímyndunarafli þeirra að njóta sín.	Bjóða upp á fjölbreyttan efnivið til sköpunar.
Heimsækja lista- og menningarsöfn.	Kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum.
Taka þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum.	Njóta fjölbreyttrar menningar og listar.
Nýta fjölbreytta tækni.	

6. Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn

Foreldrar eru þeir aðilar sem bera meginábyrgð á velferð og uppeldi barna sinna. Hins vegar er leikskólastarfið og það starfsfólk sem við hann starfar viðbót við það uppeldi sem börnin fá heima fyrir. Til að samstarf gangi sem best þarf að ríkja gagnkvæmt traust á milli heimilis og skóla. Jákvæð og opin samskipti eru einn af hornsteinum fyrir gott leikskólastarf. Áhersla er lögð á dagleg samskipti við foreldra og upplýsingamiðlun sem fer fram munnlega og skriflega. Upplýsingamiðlun getur farið fram í formi tilkynninga á upplýsingatöflu, í gegnum skilaboð í Völu og með tölvupósti. Matseðill leikskólans birtist einnig í Völu ásamt því að hann sé settur upp fyrir framan deildarnar. Upplýsingar um leikskólann, skóladagatal, starfsáætlun og fleira finnið þið á heimasíðu Hafnarfjarðar:

<https://hafnarfjordur.is/leikskoli/alfaberg/>

Það er mikilvægt að foreldrar upplifi sig sem þátttakendur í starfinu og stendur þeim ávallt til boða að koma í heimsókn, fylgjast með og sjá hvaða verkefni börnin þeirra eru að fást við hverju sinni. Foreldrar hafa alltaf aðgang að stjórnendum leikskólans og starfsfólki hans óski þeir eftir.



6.1 Foreldrasamtöl

Foreldrar þekkja börn sín best og styðja við skólagöngu þeirra með því að veita mikilvægar upplýsingar sem leggja grunn að námi og vellíðan barnsins. Á hverju skólaári eru foreldrar boðaðir í foreldrasamtal í október/nóvember. Í því samtali gefst tækifæri til samræðna um líðan, nám og þroska barns heima og í leikskólanum. Í febrúar/mars er foreldrum boðið að koma aftur í foreldrasamtal og skrá sig þá í samtali hjá deild barnsins. Foreldrar eiga að hafa gott aðgengi að öllum upplýsingum um börn sín svo að þeir geti fylgst með skólagöngu þeirra, veitt þeim stuðning og hvatningu (Aðalnámskrá leikskóla, 2025). Samtölin geta orðið fleiri ef þörf er á eða ef foreldrar óska eftir því. Ef að foreldrar tala ekki íslensku er boðið upp á túlkapjónustu sem og táknmálstúlkun ef foreldrar nota táknmál til þess að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og leikskóla.

6.2 Samstarf heimilis og leikskóla

Líðan barns í leikskóla tengist nánum böndum við velferð fjölskyldu þess. Samstarf foreldra og leikskóla er lykilatriði í að tryggja vellíðan barnsins. Við upphaf leikskólagöngu er mikilvægt að byggja upp traust samband þar sem umhyggja, virðing og gagnkvæmur skilningur eru í forgrunni. Starfsfólk leikskólans þarf að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum skilning og virðingu og tryggja að öll börn fái tækifæri til málörvunar og félagslegrar þátttöku. Sérstök áhersla er lögð á mikilvægi þess að eiga samtali við foreldra fjölbreyttra barna og styðja móðurmál þeirra ásamt því að efla íslenskukunnáttu.

Dagleg samskipti foreldra og starfsfólks eru mikilvæg, ekki síst þegar börn eru sótt og komið með þau í leikskólann. Mikilvægt er að foreldrar komi ávallt inn á deildar að morgni með barninu sínu og kveðji starfsmenn í lok dags. Foreldrar eru hvattir til að vera virkir þátttakendur, spyrjast fyrir um skólastarfið og veita innsýn í styrkleika og áhugasvið barna sinna.

Mikilvægt er að foreldrar hafi greiðan aðgang að upplýsingum um leikskólann og starfið þar. Foreldrar eru hvattir til að taka þátt í leikskólastarfinu meðal annars í gegnum foreldraráð og innra mat. Leikskólakennarar bera faglega ábyrgð á að hlusta á sjónarmið bæði barna og foreldra og móta leikskólastarf út frá heildarhagsmunum allra aðila (Aðalnámskrá leikskóla, 2025).

Sú hefð hefur skapast í leikskólanum að bjóða foreldrum eða öðrum fjölskyldumeðlimum í kaffi til barnsins á Þorranum, í kringum bónda- eða konudag. Einnig er blásið til heljarinnar sumarhátíðar þar sem skólaárið er hvatt og fjölskyldan er velkomin á.



Hafnarfjörður

Stjórnendur og starfsmenn eru ávallt tilbúnir til að aðstoða allar þær fjölskyldur sem til okkar koma. Raddir foreldra og skoðanir eru okkur mikils virði og veita okkur leiðsögn í að gera gott leikskólastarf enn betra. Hægt er að koma við á skrifstofu stjórnenda, senda tölvupóst eða hringja og óska eftir samtali. Starfsmenn eru einnig ávallt til staðar.

6.3 Foreldraráð

Samkvæmt 11. grein laga um leikskóla, 2008/90, skal kjósa foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóri ber að starfa með foreldraráði. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2 mgr. 4 gr, um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur jafnframt umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Leikskólastjóri og/eða aðstoðarleikskólastjóri fundar með foreldraráði eftir þörfum nokkrum sinnum á ári. Á þeim fundum gefst tækifæri til að rýna í starfið og hinar ýmsu áætlanir, endurmeta og ræða það sem vel er gert og það sem betur má fara. Foreldraráð leikskólans hittir foreldraráð annarra leikskóla u.þ.b. tvisvar sinnum ár ári á sameiginlegum fundi.

6.4 Foreldrafélag

Í samræmi við 10. grein laga um leikskóla, 2008/90, er starfrækt foreldrafélag og eru a.m.k. þrír fulltrúar foreldra í því. Markmið foreldrafélagsins er velferð barnanna í samstarfi við starfsfólk leikskólans. Foreldrafélagið innheimtir gjöld til þeirra foreldra sem hafa samþykkt á dvalarsamningi að taka þátt í félaginu. Fyrir þann pening sem innheimtist stendur foreldrafélagið fyrir ýmsum upphákomum s.s. leiksýningum eða upphákomum í kringum öskudag og sumarhátíð. Leikskólastjóri og /eða aðstoðarleikskólastjóri starfar náið með foreldrafélaginu og hittir fulltrúa þess nokkrum sinnum á ári á fundum.



7. Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið

Markmiðið er að stuðla að sem bestu samstarfi við grunnskólann með hag barnanna að leiðarljósi. Stefnt er að því að skapa samfellu í námi, kennslu og upplýsingamiðlun á skilum skólastiga. Einnig að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á hvoru skólastigi. Mikilvægt er að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla þannig að þau hefji grunnskólagöngu sína sem sterkir einstaklingar og forvitnir um næsta skólastig. Þannig verður næsta skólastig eðlilegt framhald í þeirra þroska og teljum við það góðan grunn að farsælli skólagöngu. Reynslan hefur sýnt að góð samvinna og tengsl skólastiga veita börnunum öryggi á þessum tímamótum og því er lögð áhersla á að efla samstarf skólastiganna.

Eins og áður hefur komið fram er leikskólinn er staðsettur í sama húsnæði og Engidalsskóli og árinu 2012 hefur samstarf milli skólastiganna aukist og eflst með hverju árinu. Kennarar beggja skólastiga hittast á haustin og búa til áætlun um samstarf á skólaárinu. Nokkrir fastir liðir í samstarfinu eiga sér nú þegar stað. Elstu börn leikskólans fara í heimsókn í 1. bekk með nesti og leikið er saman í frímínútum. Einnig hittast þau einu sinni í viku í u.þ.b. 10 vikur þar sem búin er til hringekja og unnið er á stöðvum. Í stöðvavinnu eru fjölbreytt verkefni m.a. stærðfræði, íslenska, stafavinna, útivera og leikur með kubba í leikskólanum. Á degi leikskólans, 6. febrúar ár hvert koma grunnskólanemendur til okkar og þá er komið saman í samveru og allir fara á valfund og síðan er leikið saman. Á degi íslenskrar tungu koma grunnskólabörn úr 4. bekk til okkar og lesa fyrir eina til tvær deildir.

Á komandi skólaárum vonumst við til að samstarf okkar við grunnskólann muni þróast enn frekar. Leikskólanum er einnig boðið á samverustund hjá 1. bekk sem haldin er að morgni og þá sýna grunnskólabörnin atriði. Einnig er okkur boðið að koma á Helgileik fyrir jólin í Víðistaðakirkju.

Elstu börn leikskólans takast á við fjölbreytt, krefjandi og skemmtileg verkefni síðasta skólaárið sitt. Eitt af verkefnunum er að heimsækja heimilisfólk á Dvalarheimilið Hrafnistu einu sinni í viku og vinna með þeim. Hópnum er skipt í tvennt þannig að annar fer fyrir áramótin og hinn eftir áramót. Einnig er farið í vettvangsferðir og hinir ýmsu staðir skoðaðir og heimsóknir.



8. Mat og eftirlit

Matið á að auka þekkingu leikskólakennara, barna, starfsfólks og foreldra á námi, færni og líðan barna. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og vellíðan, skipuleggja leikskólastarfið og tryggja jafnræði og réttindi barna. Mikilvægt er að matið byggist á þátttöku allra – þar á meðal barna, í samræmi við aldur og þroska þeirra (Aðalnámskrá leikskóla 2025).

Matsupplýsingar eiga að leiða til umbóta fyrir barnið. Leikskólar nýta fjölbreyttar aðferðir til að safna, skrá og greina upplýsingar og þurfa að útskýra vinnulag sitt í skólanámskrá. Matið skal taka mið af áhuga og hæfni barna, efla sjálfsmynd þeirra og stuðla að jafnrétti til náms (Aðalnámskrá leikskóla, 2025).

Mat er samþætt daglegu starfi og byggir á leik sem megin námsleið. Notaðar eru m.a. ljósmyndir, frásagnir og upptökur sem lýsa leik, hugmyndum og líðan barna. Matið er bæði einstaklings- og hópmiðað, með það að markmiði að aðlaga námsumhverfi og kennsluhætti að þörfum barnanna og efla þau í leik og námi (Aðalnámskrá leikskóla, 2025).

Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar mat sem skólar framkvæma sjálfir og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélagsins, mennta- og barnamálaráðuneyti eða annarra aðila (Aðalnámskrá leikskóla, 2025).

8.1 Ytra mat á leikskólastarfi

Leikskólarnir bera sjálfir ábyrgð á innra mati en ráðuneytið eða sveitarfélagið sér um ytra mat sem á að felast í úttektnum á skólastarfinu eða einstökum þáttum þess. Fræðsluráð hefur eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Það er meðal annars gert með því að kalla eftir starfs- og símenntunaráætlunum, skóladagatölum og öðrum forvarnaráætlunum er við á hverju sinni. Ráðið ber ábyrgð á að skólastarfið sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla og að skólinn meti innra starf sitt með marvissum hætti.

Reglulega eru lagðar fyrir foreldra viðhorfskannanir um líðan og menntun barnanna sem og könnun lögð fyrir starfsmenn þar sem þeir leggja mat á starfsánægju og starfsaðstæður sínar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á því að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum. Aðalnámskrá myndar grunn viðmiða sem skólastarfið hvílir á en í skólanámskrám útfærir skólinn nánar þau markið og viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá. Innra- og ytra mat á skólastarfi á að ná til allra lögbundinna marmiða skólastarfsins,



Hafnarfjörður

þ.m.t. hlutverk skóla að styrkja börn til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, efla frumkvæði og sjálfstæða hugsun þeirra, samskiptahæfni og fleiri atriði sem tengist meðal annars grunnþáttum menntunar (Aðalnámskrá leikskóla, 2025). Til þess að meta þætti sem eiga að vera til staðar í SMT skólafærni innan skólans kemur aðili frá mennta- og lýðheilsusviði Hafnarfjarðar og leggur listann fyrir.

8.2 Innra mat á leikskólastarfi

Í Aðalnámskrá leikskóla (2025) er kveðið á um að við innra mat skuli gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá og að aðferðirnar taki mið af viðfangefnunum sem unnið er að hverju sinni. Innra matið á að byggjast á kerfisbundnum aðferðum sem birtast hér í þessari skólanámskrá. Einnig er lagt til að innra matið fléttist saman við daglegt starf og að það eigi að ná til allra þátta skólastafsins, svo sem stjórnunar, starfs- og kennsluhátta og samskipta innan og utan deilda. Þá er lögð áhersla að allt skólasamfélagið taki þátt í mat á skólastarfinu. Innra matið veitir upplýsingar um styrkleika í starfi leikskólans og það sem betur má fara. Í ljósi niðurstaðna innra mats er gerð áætlun um umbætur og skilgreindar leiðir að þeim. Leikskólinn birtir opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur. Enn sem komið er hefur leikskólinn notast við heimatilbúin matstæki þegar rýnt er í uppeldis- og kennsluaðferðir.

Börnin í leikskólanum taka þátt í að meta skólastarfið með því að svara opnum spurningum kennara um líðan sína í leikskólanum. Einnig eru þau spurð um áhugasvið, hvað má bæta í leikskólanum, hvað þeim finnst skemmtilegast að gera í leikskólanum, hvernig góður leikskóli er, hvar þeim líði vel í leikskólanum, o.s.frv. Með þeim hætti fá þau tækifæri til að hafa áhrif á leikskólastarfið og þróun þess.

Enn sem komið er hefur leikskólinn ekki nýtt sér ákveðin matstæki til að meta skólastarfið. Stjórnendur hafa notast við heimatilbúin matstæki til að meta m.a. starfsánægju og líðan í starfi, markmið og framtíðarsýn, hópastarf, dagskipulag, foreldrasamstarf o.fl. Starfsmannasamtöl eru jafnframt nýtt til að meta starfið. Mat starfsmanna fer fram á starfsmannafundum, einnig deildarstjórafundum og skipulagsdögum. Lagðar eru fram leiðir að umbótum sem starfsmannahópurinn sameinast um að leiða áfram til að gera gott starf enn betra.



Hafnarfjörður

9. Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. (2025, 18. júní). *Aðalnámskrá leikskóla*.

<https://www.adalnamskra.is/leikskoli>

Barnaheill. (2025, 18. júní). <https://barnaheill.is/vinatta/>

Barnasáttmáli. (2025, 18. júní). <https://www.barnasattmali.is/>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.